

**Hestamannafélagið Sprettur**  
Stjórnarfundur, þriðjudaginn 16. ágúst 2016 á Kjóavöllum.  
13. fundur  
Fundur hófst kl. 19:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Helga Hermannsdóttir, Kristín Njálsdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Magnús Benediktsson.

Á þessum þrettánda fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Sprettur átti tvo Landsmótssigurvegara, Hafþór Hreiðar Birgisson sigraði unglingsflokk á Villimey frá Hafnarfirði og stóðhesturinn Nökkvi frá Syðra-Skörðugili sigraði B flokk gæðinga, knapi var Jakob Svavar Sigurðsson. Móttökur og aðstaða að Hofi fyrir börn, unglinga og ungmenni Sprettis var til fyrirmyndar og eru Lilju og Baltasar færðar bestu þakkir fyrir. Hópreið á Landsmóti tókst vel og var félagsgrill Sprettara á mótinu vel sótt.
3. Á Íslandsmótinu varð Hafþór Hreiðar Birgisson Íslandmeistari unglinga í fimmgang á Eskil frá Lindabæ og Anna-Bryndís Zingzeim á Degi frá Hjarðarlandi varð Íslandsmeistari ungmenna í tólti. Fjöldi annara Sprettara gekk vel á hinum ýmsu mótum í sumar.
4. Umræða í stjórn um fyrirkomulag á bókhaldi félagsins, ákvörðun frestað.
5. Nauðsynlegt að útbúa leiðbeiningar til formanna þeirra nefnda sem standa að viðburðum um hvernig standa skuli að uppgjöri til Sprettis. Slíkt hið sama á við nefndir sem stofna til kostnaðar í nafni félagsins. Gjaldkeri félagsins og framkvæmdastjóri munu vinna að þessu.
6. Núverandi fræðslunefnd er að láta að störfum og er henni þökkun kærlega fyrir ómælda vinnu en fræðslustarfið hefur verið einstaklega öflugt síðustu ár. Fræðslustarf er gríðarlega mikilvægur hluti af félagsstarfi og eru þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að starfa í nýrri nefnd beðnir um að hafa samband við framkvæmdastjóra.
7. Gjaldkeri fór yfir fjárhagsmál félagsins og gerði grein fyrir stöðunni.
8. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu framkvæmdir á félagssvæðinu í sumar, m.a. voru Samkipahöllin og reiðgerðin fúavarin, vinna við bílaplan er í fullum gangi og vinna við reiðstíg á Landsenda er að ljúka.
9. Dagskrá vetrarins 2016-2017 liggur fyrir í meginatriðum. Nú þegar eru 134 dagskrárliðir áætlaðir fyrir utan fræðslustarf.
10. Landsþing LH verður haldið 14.-15. október næstkomandi. Fjöldi þeirra sem sækja þingið fyrir hönd Sprettis ræðst af félagsfjölda. Stjórn Sprettis tilnefnir þá aðila sem sækja þingið fyrir hönd félagsins. Á síðasta þingi átti Sprettur 13 þingfulltrúa.
11. Sigurður gerði grein fyrir því að svar hafi borist við erindi Sprettis um aðkomu Kópavogs að fegrin á félagssvæðinu. Ekki hefur borist svar frá Garðabæ. Sigurður mun fyrir hönd stjórnar senda áætlun um kostnað við verkefnið til Kópavogsbæjar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:40

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir